

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Hörgársveitar og fundarsköp sveitarstjórnar, nr. 678/2013.

1. gr.

1. mgr. 8. gr. samþykktarinnar hljóðar svo:
Sveitarstjórn heldur reglulega fundi í skrifstofu sveitarfélagsins fjórða fimmtudag í mánuði, kl. 15.30, nema sveitarstjórn ákveði annað. Þó heldur sveitarstjórn ekki reglulegan fund í júlímánuði.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 40. gr. samþykktarinnar:

a) A-liður 40. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Fulltrúar kjörnir til 4 ára í fastanefndir á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum.

1. *Kjörstjórn við sveitarstjórnar- og alþingiskosningar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og skv. 10. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000. Kjörstjórn kýs sér oddvita og ritara úr sínum hópi.
 2. *Skipulags- og umhverfisnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
 3. *Félagsmála- og jafnréttisnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 12. gr. laga um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla nr. 10/2008.
 4. *Fræðslunefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 4. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 og skv. 6. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.
 5. *Fjallskilanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara, sbr. 2. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986. Fjallskilanefnd hefur heimild til töku fullnaðarákvarðana um skipulag fjallskila í sveitarfélaginu, þ.m.t. að jafna niður gangnadagsverkum sbr. 29. gr. þessarar samþykktar.
 6. *Atvinnu- og menningarnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara.
- b) 6. töluliður í B-lið orðast svo: *Byggingarnefnd Eyjafjarðarsvæðis.* Einn aðalmaður og einn varamaður skv. 7. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 og samþykkt um Skipulags- og byggingarfulltrúaembætti Eyjafjarðar bs.
- c) 10. töluliður í B-lið orðast svo: *Stjórn Skipulags- og byggingarfulltrúaembættis Eyjafjarðar bs.* Einn aðalmaður og einn varamaður, sbr. 4. gr. samþykktar um Skipulags- og byggingarfulltrúaembætti Eyjafjarðar bs.
- d) 11. töluliður í B-lið orðast svo: *Fulltrúaráð Eyþings.* Einn aðalmaður og einn varamaður, sbr. gr. 5.2. í lögum Eyþings.
- e) 13. töluliður í C-lið fellur brott.

3. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Hörgársveitar hefur sett skv. 9. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 30. ágúst 2018.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Stefanía Traustadóttir.